

980(B)

ATVINNUVEIÐAR Á BLEIKJU Á ÍSLANDI

Tumi Tómasson

┌Hólum, jan 1990

VMST-N/90003┐



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

ATVINNUVEIÐAR Á BLEIKJU Á ÍSLANDI

Tumi Tómasson
Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar
Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur

INNGANGUR

Atvinnuveiðar á bleikju hafa verið stundaðar á Íslandi í manna minnum, en til skamms tíma höfðu þær að mestu lagst af nema í þremur vötnum. Á síðastliðnum áratug hafa veiðar víða verið teknar upp að nýju, í smáum stíl enn sem komið er. Finnist veiðunandi markaðir má þá auka þessar veiðar verulega og eru starfsmenn Veiðimálastofnunar tilbúnir til að veita leiðbeiningar og aðstoða við að koma veiðunum á.

Til að kaupendur geti áttað sig betur á hvers komar vara villt bleikja er, hef ég tekið saman eftirfarandi yfirlit. Vilji menn fá meiri upplýsingar um einhver atriði er alveg sjálfsagt að verða við slíkum óskum.

BLEIKJA Á ÍSLANDI

Bleikjan er norrænasti ferskvatnsfiskur veraldar og sú tegund sem fyrst nam land þegar jöklarnir hopuðu. Hún er frumstæðust allra laxfiska og hefur mikla aðlögunarhæfni. Þetta kemur fram í því að hún tekur upp mismunandi lifnaðarhætti eftir þeim aðstæðum sem hún býr við hverju sinni. Þessar aðlaganir koma meðal annars fram í mismunandi fæðuvali, hrygningartíma og hrygningarstærð og endurspeglast í mismunandi útliti bleikjunnar, lit, lögun og stærð. Þannig getur bleikjan verið mjög mismunandi eftir því hvar hún er og á hvaða tíma árs hún er skoðuð.

Sumar bleikjur sérhæfa sig í áti vatnabobba og mýlirfa. Þessir fiskar ná oftast um 30-35 cm (250-400 g) hámarksstærð og eru ljós- appelsínurauðir á holdið. Aðrir nýta að miklu leiti botnkrabba og ná þeir oftast 25-30 cm (150-250 g) lengd og hold þeirra er oft ljósrautt. Í sumum vötnum étur bleikjan fyrst og fremst svifkrabba og vegna þess hve fæðudýrin eru smá er hámarksstærð bleikjunnar þar oft 18-20 cm (60-70 g). Oft er holdlitur hjá smávaxinni bleikju minni en hjá stærri bleikju.

Aðrir einstaklingar af öllum stærðum geta þó verið hvítir á fiskinn, án þess að það merki endilega að þeir hafi þurft að búa við krappari lífskjör en aðrir fiskar. Þannig er mikil breydd í eðlilegri stærð og holdlit einstaklinga. Algengast er að bleikjur hrygni síðla hausts, í september-nóvember, en hrygningartíminn getur verið mjög breytilegur eftir vötnum. Kynþroskaskeið fiskanna ákvarðast af fæðuskilyrðum. Þegar fer að draga úr vexti fiska verða þeir kynþroska og eftir það bæta þeir litlu við í vexti. Kynþroska fiskar eru ekki góðir til matar um hrygningartímann. Bleikjur sem hrygna í okt-nóv eru rýrar á holdið frá seinni hluta ágúst og fram í jan-febr. Ökynþroska fiskur er góður til matar á öllum tímum árs.

Í vötnum þar sem lítil eða engin veiði hefur verið stunduð í lengri tíma er stór hluti stofnsins af svipaðri stærð og flestir fiskar kynþroska. Í vötnum þar sem veiði er stunduð vaxa einstaklingarnir hraðar. Kynþroskastærð getur aukist og hlutfall kynþroska fiska í stofninum minnkar. Veiðar geta því haft í för með sér töluverðar breytingar á stofnum vatna.

Bleikjan þrífst best í tiltölulega köldu og súrefnisríku vatni og þar sem hún verður fyrir lítilli samkeppni frá öðrum tegundum. Hún er langútbreiddasti fiskurinn í vötnum á Íslandi þar sem einungis örfáar aðrar tegundir finnast, auk þess sem vötnin eru tiltölulega köld og ósnortin. Flest stöðuvötn eru ofan byggða eða í strjálbýli og segja má að mengun sé nánast óþekkt fyrirbrigði í íslenskum vötnum.

VEIÐAR Á BLEIKJU

Atvinnuveiðar eru oftast stundaðar með netum, enda er auðvelt að beyta þeim við margvíslegar aðstæður og auðvelt er að velja úr ákveðna stærð fiska með því að nota net af ákveðinni möskvastærð. Netaveiðar er auðvelt að stunda úr báti og í gegnum ís. Vötnin eru oftast ísi lögð í 5-7 mánuði á ári. Ísinn getur orðið 70-80 cm þykkur, en ekki er hægt að stunda veiðar á þeim tíma sem vötnin er að leggja og þegar ís er að fara af.

Oft veiðist ver um hásumarið, þ.e. í júní-júlí. Þá er mjög bjart, nánast allan sólarhringinn og mikill svifgróður í vötnunum. Þessi gróður sest til á netinu sem þá sést vel og fiskarnir varast þau. Aðstæður til veiða og veiðin getur því verið talsvert breytileg.

VERKUN BLEIKJU

Þegar fiskar eru veiddir í sínu náttúrulega umhverfi eru þeir oftast með fæðu í maga og görnum, og séu innnyfli ekki fjarlægð fljótt skemmist fiskurinn miklu fyrr en annars hefði orðið. Hægt er að gera að fiskinum á mismunandi hátt, allt eftir því hvernig áætlað er að matbúa hann. Þrjár aðferðir verkunar eru algengastar, þ.e. að slægja, slógdraga eða flaka fiskinn.

Þegar fiskur er slægður er hann ristur á kviðinn, öll innnyfli fjarlægð og blóðröndin hreinsuð burt. Tálknin eru oftast fjarlægð, en stundum eru þau skilin eftir að ósk kaupanda, til að hann eigi auðveldara með að meta ferskleika fisksins. Það er auðveldlega hægt að meta ferskleika fisksins á fleiri vegu og séu tálknin fjarlægð geymist fiskurinn betur að öðru jöfnu.

Slógdreginn fiskur er heill á kviðinn. Innyflin eru dregin fram úr fiskinum, en blóðröndin verður eftir. Tálknin eru ýmist fjarlægð eða skilin eftir eins og þegar fiskur er slægður.

Bleikjan er flökuð með tveimur handtökum. Flökin eru um 40-50% af þyngd fisksins og algjörlega beinlaus sé fiskurinn innan við um 400 g. Þessi verkunaraðferð er mest notuð þegar verið er að veiða smáan fisk, allt niður í 80-100 g. Flök af minnsta fiskinum hafa orðið nokkuð vinsæl og stundum seld undir verslunarheitinu "kattartungur".

Um leið og fiskur er veiddur er hann kældur í ís. Eftir verkun er hann flokkaður og pakkaður með ís í einangraða kassa. Við slíkar aðstæður helst hann ferskur í marga daga. Einnig eru víða góðar aðstæður til að frysta bleikju og jafnvel vakúmpakka.

AD LOKUM

Á Íslandi er aragrúi vatna og í flestum þeirra er bleikju að finna. Uppeldis- og hrygningarskilyrði geta verið mjög misjöfn og þetta endurspeglast í mismunandi stærð, útliti og holdafari sem er einstaklingsbundið og háð árstíma, enda er hér um ósnortna náttúruafurð að ræða. Það er því eðlilegt að útlit fiskanna sé breytilegt. Gæðin eru fyrst og fremst háð því að rétt sé staðið að veiðum, verkun og frágangi aflans.

110190
skyr89
Bleikja.ufl